

Hikum ekki við að koma fégráðugum fálkaræningjum undir mannahendur

Símtal við Ólaf K. Nielsen helsta sérfræðing okkar um fálkastofninn

SÁ MAÐUR sem hefur sennilega mest allra Íslendinga stundað rannsóknir á fálkastofninum hér á landi er Ólafur K. Nielsen líffræðingur á Akureyri. Um árábil hefur hann stundað fálkarannsóknir, einkum á Norðurlandi og Norðausturlandi. Í vetur er leið flutti hann mjög fróðlegan fyrirlestur um lífnaðarhætti fálkans á fundi í Fuglaverndarfélaginu. Kom hann þá inn á ýmsa þætti í lífskeðjunni. Komst að þeirri niðurstöðu að fálkastofninum hérlandis væri vel borgið. Kvaðst hann ekki sjá neinar sérstakar hættur stöðja að.

Eftir talsverðan eltingarleik við Ólaf tókst Mbl. að ná símtali við hann seint í fyrirkvöld. Þá var hann staddur norður við Mývatn, en hann er nú í rannsóknarleiðangri þar um slóðir.

Bláðið ræddi við hann um síðustu atburðina, fálkaeggja-ránið á dögum.

ÉG ER sannfærður um að þessir fálkaræningjar, sem náðust á dögum hafi komið hingað til lands í sömu erindum áður, sagði Ólafur Nielsen er blaðamaður náði síma-sambandi við hann norður við Mývatn í bælistöð hans þar.

Getum við komið í veg fyrir að ferðafólk komi hingað til lands í slíkum tilgangi?

Almenningur getur það, eins og bóndinn, sem vakti athygli yfirvalda á grunsamlegum ferðalöngum, en við það fór allt í gang. Það er það aðhald sem þarf og almenningur á ekki að hika við að tilkynna lögreglu yfirvöldum án tafar. Þau munu sjá um framhaldið. Það sannast í þessu tilfelli.

Fálkaræningjar, sem er eiginlegt samheiti fyrir þetta fólk, koma hingað til lands í ránsleiðangra sína tvisvar á ári. Annað hvort

koma þeir nú í apríllok eða maí-byrjun, til þess að ræna eggjum fálkans. Svo kemur aftur hættutímabil á miðju sumri. Þá eru ungarnir enn í hreiðrum vegna þess að þeir eru ekki orðnir fleygir.

Þér er kunnugt um hreiðurstöðina, sem rændir voru þarna á Mývatnssvæðinu?

Já. Hreiðurstaðirnir eru fimm. Þeir eru allir svo nærri þjóðveginum, að fálkaræningjar með augu á hverjum fingri í leit að bráð, þurftu ekki að fara úr bílnum til þess að koma auga á þá. Úr bílstjórasætinu mátti sjá staðina án þess að bregða upp sjónauka. Sá staður sem erfiðast var að komast að er ca. 15 mínútna fjarlægð frá vegi. Augljóst er að á þessum stöðum hafa sömu menn verið að verki, sagði Ólafur.

Setjum sem svo að tekist hefði að

ná eggjaþjófunum strax. Hefði verið hægt að bjarga eggjunum?

Sennilega, en enginn veit hvernig fuglinn hefði brugðist við, hvort fálkinn hefði viljað leggast á þau aftur.

Er hægt að setja eggin 8 sem náðust í vél og unga þeim út? Þessari spurningu var beint til Ólafs, því hann hefur sjálfur kynnt sér starfshætti í fálkauppeldisstöð vestur í Bandaríkjunum.

Setja eggin í vél, endurtók hann. Það er auðvitað hægt, en málið er miklu flóknara en það, ef í slíkt er ráðist. Slíkt útheimtir kunnáttu, mjög góða aðstöðu, tæki og óhemju vinnu og þolinmæði. Ég get sagt þér það að í þessari fálkaeldisstöð kostar það ekki minna en 2.500 dollara í beinhörðum peningum að koma upp einum fálka og gera hann færan um að spjara sig, sem villtur fugl í náttúrunni. Fálkaungar eru mjög viðkvæmir og fyrstu 10 dagana eru þeir svo veikburða að þeir geta ekki haldið nægum hita á sálsum sér. Þá líða 45 dagar frá því að fálkaunginn skrúður úr eggi sínu uns hann er fleygur orðinn. Í stöðinni er stöðugt eftirlit með ungunum þennan tíma. Að 30 dögum liðnum er farið með fálkaungana úr stöðinni sjálfri út í náttúruna og þeir hafðir þar í þar til gerðum kossum. Næstu 2-3 vikurnar eru þeir svo að aðlaga sig náttúrunni og þeir eru búnir undir það að takast á við náttúruna sjálfir, óháðir



Bráðefnilegir fálkaungar í hreiðri sínu einhvers staðar á Íslandi.

manninum. Þessar vikur eru mjög mikilvægar. Ungunum er séð fyrir mat á hverjum degi. Það er ekki staðið að því eins og þegar verið er að fódra alifugla heima á hlaði. Eitt er vandasamast í þessum lokabætti fálkauppeldisins. Meðan á daglegu eftirliti stendur með fálkaungunum í kossunum og fódrun fer fram, má það aldrei verða að ungarnir sjái til ferða mannsins sem annast þá og fóðrar. Fálkinn má nefnilega aldrei fá aðstöðu til þess að tengja saman mann og mat. — Ef þetta mistekst er ákaflega sennilegt að mjög erfitt verði fyrir fálkann að aðlaga sig hinni viltu náttúru þar sem hann verður að bjarga sér sjálfur. Maturinn, sem fálkaungunum er gefinn, er látinn detta niður um þar til gerða lugu á fuglakassanum. Það var mjög vel að þessu öllu staðið í hinni amerísku fálkaeldisstöð. Þar hefur nú tekist að ala upp ameríska föru-fálka og þeir eru fluttir til svæða, sem þeir voru útdaudir og hornfir af. En ég vil aðeins undirstrika að þetta útheimtir mikla nákvæmni, allt frá því að eggin eru sett í vélina þar sem hita og rakastig verður að vera nákvæmt uns hægt er að sleppa þeim úr kossunum, sem ég var að segja þér frá, sagði Ólafur.

Spurningu þinni um hvort hægt hefði verið að setja eggin 8 sem tekin voru af Þjóðverjunum í vél og unga þeim út má hugsanlega svara játandi, þó mér þyki sennilegra að eggin verði blásin og sett í eggja-safn. En hugsanlegt er að 2-4 ungar hefðu komið úr eggjunum, því reikna verður með afföllum m.a. vegna þess hnjaskis sem eggin hafa orðið fyrir. — En þá er spurningin: Hver átti svo að taka við ungunum og annast framhaldið ef þeir ættu

að geta sparjað sig í hinni ísl. náttúru.

Við vikum aftur að fálkahreiðrunum sem rænd voru í Mývatnssveit. Það gerðist fimmtudag og föstudag í fyrri viku. Tvö fálkapör voru örugglega orpin, og hreiður þeirra hafa verið rænd. Þá sáu fálkahjón við tvö hreiður í vor. Þau eru horfin og þar eru engin egg. Mér þykir líklegt að eggjaþjófarnir hafi verið hér að verki. Ég tel að fimmta hreiðrið hafi einnig orðið fyrir bardinu á þessum óþögnu gestum.

Í vetur sagði þú, Ólafur, í fyrirlestri sem þú fluttir í Fuglaverndarfélaginu, að þú teldir ísl. fálkastofninn ekki vera í hættu?

Já ég sé ekki aðra hættu fyrir fálkastofninn en þá að hingað hópist fálkaræningjar á hverju ári. Það er svo sennilega undir okkur sjálfum komið hvernig við bregðumst við þessari hættu. Því kem ég aftur að því að nauðsynlegt er að ná samstöðu og bægra þessari hættu frá. Fálkaræningjum þarf að koma í skilning um að almenningur á Íslandi hika ekki við að koma fégráðugum fuglaræningjum undir mannahendur. — Og við skulum gera okkur grein fyrir því að slíkir ræningjar hvort heldur þeir koma snemma á vorin eða á miðju sumri munu ekki halda sig við ákveðna landshluta, heldur geysast um landið þvert og endilangt með hagnaðarvonina af ránsförlunni til Íslands að leiðarljósi, sagði Ólafur Nielsen dýrafræðingur að lokum.

Aðspurður um ástand og horfur sagði hann að vel hefði víðað fyrir fálkana á þessu vori og bersýnilega væri mikið af rjúpu. Það teljast góð skilyrði og varp fálkans virðist ætla að heppnast vel að þessu sinni.

ÚTGERÐARMENN



Dæmigerð vinnslulína á vinnsludekki í rækjuveiðiskipi.

- **TRAUST hf** hefur 4 ára reynslu í framleiðslu rækjuvinnsluvéla á Íslandi.
- **TRAUST hf** hefur framleitt 6 lausfrystitæki fyrir rækju með tilheyrandi vinnslulínunum.
- **TRAUST hf** framleiðir ryðfjar færibandareimar.
- **TRAUST hf** aðstoðar við fjármögnun.
- **TRAUST hf** rekur stórt vélaverkstæði og veitir góða þjónustu.
- **TRAUST hf** er í samvinnu við danskt fyrirtæki er afgreitt hefur rækjuvinnslulínur í fjölda veiðiskipa á Norðurlöndum.

Íslensk framleiðsla

Skammur afgreiðslufrestur
Íslensk lánaþyrngreiðsla
Góð greiðslukjör
Íslensk þjónusta
Örugg þjónusta

TRAUST hf



BOX 4413 — 124 REYKJAVÍK — SÍMI 91-83655/83638 — TELEX 3010



Fjórir kaupmenn heiðraðir með gullmerki Kaupmannasamtaka Íslands

Á árshátíð Kaupmannasamtakanna fyrir skemmstu voru fjórir kaupmenn heiðraðir með gullmerki samtakanna. Allir hafa þeir starfað um árábil að málefnum kaupmanna. Myndin var tekin við þetta tilefni. Á myndinni eru, talið frá vinstri: Sigurður E. Haraldsson, formaður Kaupmannasamtaka Íslands, Ásgrímur P. Lúðvíksson, húsgagnasmiður og húsgagnabólstrari, Hreinn Sumarliðason, kaupmaður í Kjörbúðinni Laugaási, Jónas Gunnarsson í Kjótberg og Óssur Aðalsteinsson í Byggingavörum hf.